



Afreksstefna Skautasambands Íslands
2020 - 2022

Efnisyfirlit

| | | |
|----------|---|----------|
| 1 | INNGANGUR | 2 |
| 1.1 | HUGTÖK | 2 |
| 2 | MARKMIÐ OG LEIÐIR | 3 |
| 2.1 | LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM FYRIR AFREKSHÓP | 3 |
| 2.1.1 | YFIRMARKMIÐ AFREKSHÓPS | 3 |
| 2.1.2 | ÁFANGAMARKMIÐ AFREKSHÓP | 4 |
| 2.2 | LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM FYRIR AFREKSEFNI | 4 |
| 2.2.1 | YFIRMARKMIÐ FYRIR AFREKSEFNDI | 4 |
| 2.2.2 | ÁFANGAMARKMIÐ FYRIR AFREKSEFNI | 4 |
| 3 | MARKMIÐ OG HLUTVERK HLUTAÐEIGANDI AÐILA INNAN AFREKSSTEFNU ÍSS | 4 |
| 3.1 | ÍÞRÓTTAFÉLÖG | 4 |
| 3.1.1 | HLUTVERK ÍÞRÓTTAFÉLAGA | 4 |
| 3.2 | IÐKENDUR INNAN SKAUTAÍÞRÓTTARINNAR | 4 |
| 3.2.1 | HLUTVERK AFREKSEFNA INNAN ÍÞRÓTTARINNAR | 5 |
| 3.3 | FJÖLDI KEPPENDA INNANLANDS ÁRIÐ 2022 | 5 |
| 3.4 | FJÖLDI ÞJÁLFARA OG MENNTUN ÞEIRRA | 5 |
| 3.4.1 | HLUTVERK ÞJÁLFARA | 5 |
| 3.5 | FJÖLDI DÓMARA & TÆKNIDÓMARA OG MENNTUN ÞEIRRA | 5 |
| 3.5.1 | HLUTVERK DÓMARA OG TÆKNIDÓMARA | 6 |
| 3.6 | HLUTVERK AFREKSNEFNDAR | 6 |
| 3.7 | HLUTVERK FAGTEYMIS | 6 |
| 3.8 | HLUTVERK ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS (ÍÍ) | 6 |
| 3.9 | HLUTVERK FORRÁÐAMANNA | 6 |
| 4 | FJÁRMÖGNUN | 6 |
| 4.1 | AFREKSSJÓÐUR ÍSS | 7 |
| 5 | MÆLINGAR Á MARKMIÐUM OG VIÐMIÐ | 7 |

1 Inngangur

Markmið afreksstefnu Skautasambands Íslands er að setja skýrari línur í afreksmálum listskauta í landinu ásamt því að hvetja til frekari útbreiðslu íþróttarinnar á landsvísu. Gerð er rík krafa um gagnsæi í vinnubrögðum með skýrum og mælanlegum viðmiðum í afrekshópum með það að markmiði að íþróttin í heild viti að hverju er stefnt til að ná árangri og hvað teljist vera árangur innan afrekshópa listkauta.

Með afreksstefnunni skal hlúa sérstaklega að afreksefnum og afreksíþróttafólki innan greinarinnar. Slíkt næst eingöngu með öflugum skipulagi með raunhæfri markmiðasetningu. Markmið skulu tímasett og kynnt íþróttinni í heild ásamt því að sett skulu vera stigalágmörk í afrekshópa.

Afreksstefna Skautasambands Íslands skal vera opinber á vefsíðu sambandsins og skilmerkilega fram sett. Mikilvægt er að allir aðilar sem að málinu koma: iðkendur, forráðamenn, þjálfarar og stjórnir; skilji hvert sitt hlutverk er innan afrekstefnunnar. Leitast skal til að orðtak og innihald stefnunnar sé öllum aðilum skýr.

Afreksstefnan byggir á eldri afreksstefnu (2018-2020) en þar var stuðst við eldri afreksstefnur. Að endurskoðun stefnunnar koma Stjórn ÍSS og afreksnefnd.

Samkvæmt kröfum Afreksstjóðs ÍSÍ skal landssamband sem skilgreint er sem þróunarsamband innan Afreksstjóðs ÍSÍ skilgreina afreksstarf sitt til 2 ára í senn. Stefna þessi gildir því til ársins 2022 og skal endurskoðuð árlega og setja markmið til tveggja ára í senn. Afreksstefnan skal vera til umfjöllunar og samþykktar á Skautapingi.

Skautasamband Íslands ber ábyrgð á afreksstefnu íþróttagreinarinnar og að henni sé framfylgt í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

1.1 Hugtök

Nánari lýsingu má finna á hugtökum og skilgreiningum Skautasamband Íslands hér að neðan:

Skautasamband Íslands: ÍSS

Alþjóðaskautsambandið: ISU

Stórmót (A flokkur):

- ISU Úrslitamót (ISU Senior Grand Prix Events & Final)
- Vetrarólympíuleikar (Winter Olympic Games)
- Heimsmeistaramót (World Figure Skating Championships)
- Evrópumeistaramót (European Figure Skating Championships)

Alþjóðleg stórmót unglunga og ISU mótaseríur (B flokkur)

- ISU Úrslitamót í Unglingaflokki (ISU Junior Grand Prix Events & Final (JGP))
- Heimsmeistaramót Unglinga (World Junior Figure Skating Championships)
- Evrópuhátíð Ólympíuæskunnar (European Youth Olympic World Festival (EYOWF))

Alþjóðleg mót (C flokkur)

- Alþjóðleg mót á lista Alþjóðaskautasambandsins (ISU) þ. á t.:
 - Norðurlandamót í Junior
 - ISU Challenger Series
 - Öll alþjóðleg mótaþátttaka í Advanced Novice

Afrekshópur: Íþróttamaður sem hefur náð alþjóðlegum stigaviðmiðum ISU og á keppnisrétt í Junior og Senior flokki fyrir Íslands hönd á stórmótum í mótaflokkum A og/eða B.

Afreksefni: Íþróttamaður sem hefur náð stigaviðmiðum ÍSS og keppir í flokki Advanced Novice á alþjóðlegum mótum í mótaflokkum C eða í flokki Junior og Senior í mótaflokkum B og/eða C.

Skilgreining á aldri keppenda í Advanced Novice, Junior og Senior fara alfarið eftir skilgreiningum og reglum ISU.

Hæfileikamótun: Þeir íþróttamenn sem ekki hafa náð stigaviðmiðum ÍSS en keppa í keppnisflokkum Junior og Senior ásamt þeim sem keppa í flokki Advanced Novice. Lágmarksaldur íþróttamanna er 13 ára og miðast við 1. júlí ár hvert.

2 Markmið og leiðir

Megimarkmið og ábyrgð Skautasambandsins í afreksstarfi er að bæta umhverfi og aðstæður afrekshóps og afreksefna innan skautaíþróttarinnar með því að:

- Mynda og halda úti virkri afreksstefnu íþróttarinnar.
- Vinna að framþróun íþróttarinnar í samstarfi við ISU, ÍSÍ og hlutaðeigandi aðila.
- Hafa uppi gagnsæ vinnubrögð í afreksstarfinu og hafa upplýsingar aðgengilegar iðkendum, foreldrum, þjálfurum, félögum og fagfólki á vefsíðu sambandsins.
- Setja fram skýr stigaviðmið um afrekshóp, afreksefni og kröfur fyrir hæfileikamótun sem og um val fulltrúa í landsliðsverkefni.
- Halda árlega námskeið fyrir iðkendur innan afrekshóps og afreksefna um reglur í íþróttagreininni, um markmiðasetningu, sálræna nálgun á íþróttina og líkamlega þætti hennar.
- Bæta aðgengi íþróttamanna í afrekshópi og afreksefna að fagfólki með það að markmiði að bæta árangur í íþróttinni.
- Veita tækifæri til þátttöku á mótum eða æfingum á erlendri grundu.
- Aðstoða afrekshóp og afreksefni við að samræma æfingar íþróttarinnar við nám og starf með auknu samstarfi við menntastofnanir.
- Stuðla að enn frekari menntun þjálfara innan skautaíþróttarinnar.
- Skilgreina landsliðsverkefni og hvað falli undir landsliðsverkefni.
- Vinna að því að lágmarka kostnaðarþátttöku afrekshóps og afreksefna í landsliðsverkefnum.
 - **Afrekshópur:** Að kostnaðarþátttöku verði ekki hærri en 15% árið 2022
 - **Afreksefni:** Að kostnaðarþátttöku verði ekki hærri en 70% árið 2022
- Halda úti landsliðæfingabúðum a.m.k. einu sinni á ári fyrir afrekshóp og afreksefni.
- Halda úti landsliðsæfingum fyrir afrekshópa og afreksefni.
- Styðja við bakið á skautafélögunum á landinu til að fá betri æfingaaðstöðu.
- Leita leiða til að fjármagna afreksstarf sambandsins.

2.1 Leiðir að markmiðum fyrir afrekshóp

Skulu vera einstaklingsmiðuð og unnin í samstarfi við þjálfara keppandans fyrir hvert keppnistímabil.

2.1.1 Yfirmarkmið afrekshóps

Á stórmóti (flokkur A og B)

- Að Junior keppendur haldi alþjóðlegum lágmarkum ISU og haldi þ.a.l. keppnisrétti á ISU Junior World Championships árin 2021 og 2022.
- Að Senior keppandi nái alþjóðlegum lágmarkum ISU og öðlist þ.a.l. keppnisrétt á Evrópumeistaramóti ISU árið 2022.

Á alþjóðlegum mótum (flokkur B og C)

- Að vera meðal 5 efstu á NM árið 2022 í Junior
- Að vinna til verðlauna á ISU mótum í flokki Junior og Senior á keppnistímabilinu 2020/2021
- Að taka þátt í ISU Challenger Series í Senior flokki

2.1.2 Áfangamarkmið afrekshóp

Áfangamarkmið í Junior flokki til 2022

- Að íþróttamenn uppfylli allar lágmarksinnihaldslýsingar prógrama í Stuttu og Frjálsu prógrami skv. ISU reglum í Junior flokki með +1 til +5 í GOE.

Áfangamarkmið í Senior flokki til 2022

- Að íþróttamenn uppfylli lágmarksinnihaldslýsingar prógrama í Stuttu og Frjálsu prógrami skv. ISU reglum í Senior flokki.

2.2 Leiðir að markmiðum fyrir afreksefni

Skulu vera einstaklingsmiðuð og unnin í samrstarfi við þjálfara keppandans fyrir hvert keppnistímabil.

2.2.1 Yfirmarkmið fyrir afreksefndi

Að fleiri keppendur í flokkum Junior og Senior nái settum stigaviðmiðum ÍSS fyrir afrekshóp.

Á alþjóðlegum mótum (flokkur C)

- Að vera meðal 8 efstu á NM árið 2022 í Advanced Novice
- Að vinna til verðlauna á ISU mótum í Advanced Novice

2.2.2 Áfangamarkmið fyrir afreksefni

- Að fleiri keppendur í flokki Junior og Senior uppfylli lágmarksinnihaldslýsingar í Stuttu og Frjálsu prógrammi skv. ISU reglum.
- Að hvetja keppendur í flokki Advanced Novice til að reyna við element umfram lágmarkskröfur (í formi bónusa) til frekari undirbúnings fyrir Junior flokk.

3 Markmið og hlutverk hlutaðeigandi aðila innan afreksstefnu ÍSS

3.1 Íþróttafélög

Ljóst er að fjölgun íþróttafélaga er mjög háð fjölda og aðgengi að íþróttamannvirkjum, og að fjölgun muni nánast vera engin á meðan skautahallir verða ekki byggðar á fleiri stöðum á landinu. Leitast skal til að hvetja sveitar- og bæjarfélög til að huga að skautaiþróttinni þegar verið er að skoða íþróttaiðkun á hverju svæði fyrir sig.

3.1.1 Hlutverk íþróttafélaga

Félög skulu starfa í takt við afreksstefnu ÍSS. Mikilvægt er að hvert íþróttafélag móti eigin afreksstefnu fyrir þá iðkendur sem það á við um innan síns félags í samrstarfi við þjálfara.

Þau atriði sem félög þurfa að hafa í huga eru:

- Viðunandi æfingaaðstaða
- Fjöldi og samsetning æfinga
- Hæfni þjálfara og æfingaumhverfi afrekshópa
- Leggja áherslu á þátttöku forráðamanna í afreksstarfi barna sinna og efla tengsl þeirra við þjálfara og stjórnir félaga.

Mikilvægt er að íþróttafélög skapi hvetjandi og uppbyggilegt umhverfi fyrir iðkendur og leitist við að auka tækifæri þeirra til að stunda og æfa íþróttina.

3.2 Iðkendur innan skautaiþróttarinnar

Fjölgun innan íþróttarinnar er líklegri til að eiga sér stað ef aukinn fjölbreytileiki er viðhafður innan íþróttarinnar þ.e.a.s. ef bætt verður við þeim íþróttagreinum sem heyra undir ISU, þ.m.t. synhcro,

ísdansi, paraskautum og skautaati (e.short track speed skating). Enn fremur er mikilvægt að hlúa vel að nýliðum innan íþróttarinnar og reyna eftir fremsta megni að halda íþróttamönnum sem allra lengst innan hennar í hvaða hlutverki sem það kann að vera.

Hvert íþróttafélag fyrir sig þarf að leitast við að auka iðkendafjölda og viðhalda nýliðun.

3.2.1 Hlutverk afreksefna innan íþróttarinnar

Góð ástundun er forsenda árangurs. Mikilvægt er að skautarar stundi íþróttina á uppbyggilegan hátt og gæta að almennu heilbrigði. Æskilegt er að skautarar sæki fræðslufundi og námskeið sem í boði eru er viðkemur andlegri og líkamlegri uppbyggingu þeirra innan íþróttarinnar.

Skautarar skulu iðka íþróttina sem ábyrgir þátttakendur í samræmi við Siðareglur ÍSS og Sáttmála ÍSS. Þeir skulu þekkja keppnisreglur og aðrar grundvallarreglur innan íþróttarinnar.

Afreksíþróttamenn skulu ætíð hafa í huga að þeir eru umfram allt andlit og fyrirmynd íþróttarinnar og gæta þess að hegðun þeirra endurspeglar ímynd íþróttagreinarnar sem þeir stunda.

3.3 Fjöldi keppenda innanlands árið 2022

Markmið Skautasambandsins næstu tveggja ára er að eiga:

- 5 keppendur í Senior flokki á innanlandsmótum
- 12 keppendur í Junior flokki á innanlandsmótum
- 40 keppendur samanlagt í öllum Novice flokkum á innanlandsmótum

3.4 Fjöldi þjálfara og menntun þeirra

Markmið næsta árs er að listi allra þjálfara sem hlotið hafa menntun hjá Skautasambandi Íslands verði aðgengilegur á vefsíðu sambandsins. Markmið Sambandsins er að félög hafi eingöngu menntaða þjálfara á sinni launaskrá og að aðstoðarmaður fái eingöngu að vera við kennslu undir handleiðslu menntaðs skautþjálfara.

Stefnt skal að því að þjálfarar sem starfa innan íþróttagreinarnar skuli hafa útgefið starfsleyfi frá ÍSS í árslok 2022 og þurfi að skila inn hreinu sakavottorði til að öðlast slíkt leyfi að auki uppfylltum sérgreinanámskeiðum.

3.4.1 Hlutverk þjálfara

Þjálfarar skulu hafa siðareglur ÍSS, ÍSÍ og ISU og „Sáttmála um þátttöku fyrir hönd Íslands á alþjóðagrundvelli í listskautum“ að leiðarljósi í öllum verkefnum sem þeir taka þátt í á vegum ÍSS.

Hlutverk þeirra er að:

- Vinna samkvæmt afreksstefnu ÍSS.
- Vinna eftir lögum og reglum íþróttarinnar.
- Vinna með skauturum, félögum og ÍSS að markmiðum og haga þjálfun samkvæmt því.
- Sækja þjálfaranámskeið, endurmenntun, ráðstefnur og fyrirlestra sem í boði eru hjá ÍSS, ÍSÍ, háskólum og eftir því sem komið er við erlendis.
- Taka þátt í þróunar- og samvinnuverkefnum milli félaga ÍSS og eftir því sem komið er við erlendis t.d. varðandi æfingabúðir.

3.5 Fjöldi dómara & tæknidómara og menntun þeirra

Markmið ÍSS skal vera að virkja og nýta þekkingu dómara og tæknidómara til frekari uppbyggingar og árangurs íþróttamanna í afrekshópum og hæfileikamótun. Gera skal skýrari vinnureglur um vinnuframlag og skyldur starfsfólk ÍSS.

Langtímamarkmið ÍSS er að Ísland eigi innan sinna raða National TC og Internatioal TC sem búsettur er á Íslandi. Er það gert með það í huga að auka staðbundna þekkingu innan íþróttarinnar og styrkja stöðu og þróun íþróttarinnar enn frekar hérlendis.

Einnig skal leggja upp með að félögin fái fleiri einstaklinga til að öðlast dómara réttindi á lægstu keppnisstigum íþróttarinnar.

3.5.1 Hlutverk dómara og tæknidómara

Dómarar og tæknidómarar skulu hafa siðareglur ÍSS, ÍSÍ og ISU og „Sáttmála um þátttöku fyrir hönd Íslands á alþjóðagrundvelli í listskautum“ að leiðarljósi í öllum verkefnum sem þeir taka þátt í á vegum ÍSS.

Hlutverk þeirra er að:

- Vinna eftir lögum og reglum íþróttarinnar í samræmi við vinnuskyldur.
- Sinna fræðsluhlutverki til félaga, þjálfara, einstaklinga og forráðamanna eftir því sem við á.
- Sinna hlutverki sínu innan fagteymis gagnvart þjálfurum og iðkendum er varða afreksmál.

3.6 Hlutverk afreksnefndar

Hlutverk afreksnefnar er að hafa umsjón með öllu er viðkemur afreksmálum ÍSS. Nefndin starfar í samræmi við reglugerð ÍSS. Afreksnefnd skal meta stöðu og keppnishæfi iðkenda hverju sinni með hliðsjón af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir.

3.7 Hlutverk fagteymis

Hlutverk fagteymis er að starfa í samvinnu við afreksnefnd og miðla þekkingu til afrekshóps, afreksefna, þjálfara og forráðamanna.

3.8 Hlutverk Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ)

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands styður við afreksfólk með úthlutun úr afrekssjóði ÍSÍ og almennum stuðningi. Afreks- og Ólympíusvið hefur yfirumsjón með samskiptum ÍSÍ við sérsambönd og fylgist með framgangi og árangri hvernar íþróttagreinar fyrir sig.

Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ er að halda á lofti forvarnarstefnu, jafnréttisstefnu og námskeiðahaldi í samstarfi við Afreks- og Ólympíusvið og Almenningsíþróttasvið.

3.9 Hlutverk forráðamanna

Forráðamenn gegna mikilvægu hlutverki innan hvers íþróttafélags.

Hlutverk þeirra er að:

- Styðja við og gæta hagsmuna iðkenda sinna.
- Eiga gott samstarf við sitt íþróttafélag.
- Kynna sér afreksstefnu ÍSS og styðja við hana á jákvæðan hátt.
- Gæta þess að sinna upplýsingagjöf varðandi börn sín til félaga og ÍSS til að tryggja hæfi til æfinga og þátttöku á mótum.

4 Fjármögnun

Afreksstefna ÍSS er fjármögnuð með

- Fjárframlagi frá ISU
- Afreksstyrk ÍSÍ
- Ríkisstyrkjum
- Framlögum frá styrkaraðilum

4.1 Afrekssjóður ÍSS

Greiðslur úr Afrekssjóði ÍSS eru ætlaðar afreksstarfi sambandsins til handa afreksíþróttafólki sambandsins til að koma til móts við beinan kostnað vegna keppnisþátttöku á erlendri grundu.

Keppendur sem náð hafa viðmiðum ÍSS í Afrekshóp eða Afreksefni geta sótt um styrk úr sjóðnum.

Í sjóðinn fara 60% afreksstyrks ÍSÍ ásamt sérmerktum styrkjum frá ISU. Fáir ÍSS aukna styrki sem sérmerktir eru afrekssjóð renna þeir óskertir í sjóðinn. Auk þess mun stjórn hafa það að markmiði að safna styrkjum til afreksmála og mun hluti af þeim verða látinn renna til sjóðsins sem og til almennrar uppbyggingar afreksmála eftir því sem tilefni gefur til.

5 Mælingar á markmiðum og viðmið

Stjórn ÍSS skal hafa eftirfylgni með því að unnið sé markvisst að ofangreindum markmiðum og mælir árlega þann árangur sem áunnist hefur.

Gera skal árlega skýrslu í lok hvers keppnistímabils um árangur skautara og hvort markmiðum afreksstefnu hafi verið náð hverju sinni. Er það í höndum afreksnefndar að vinna slíka skýrslu og skila til stjórnar ÍSS.

Afreksstefna þessi skal endurskoðuð árlega til tveggja ára í senn.